

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 4. febrúar 2026:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um almenningssamgöngur í Gufuneshverfi

Lagt er til að ráðist verði í aðgerðir til að bæta almenningssamgöngur við hið ört vaxandi íbúðarhverfi í Gufunesi. Meðal annars verði skoðaðir möguleikar á því að koma á hringtengingu strætisvagna um hverfið með því að leggja svokallaða strætógötu úr Jöfursbási austur að Strandvegi. Einnig verði skoðaðir kostir þess að hefja tilraunaakstur með sjálfakandi strætisvagn í því skyni að koma á föstum strætisvagnaakstri um hverfið og auka þannig þjónustu við íbúa þess.